

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Naustahverfis reits 28 og Naustagötu.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 11. mars 2015 samþykkt deiliskipulagsbreytingu á grundvelli e-liðar 4. gr. í samþykkt um skipulagsnefnd.

Breytingin er fyrir Naustahverfi, reit 28 og Naustagötu og felur í sér að lóðir nr. 1, 3, 5, 7, 9, 11, 13 og 15 við Krókeyrarnöf stækka til austurs. Kvaðir verða á lóðunum um lagnir og aðkomu.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 12. mars 2015,

Anna Bragadóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 26. mars 2015